

2206011 - Eldsneytisgeymir við rafstöð RARIK

RARIK óskar eftir bráðabirgða stöðuleyfi til loka september 2023 fyrir eldsneytisgeymi á bak við varaafsstöð okkar við Miðbraut. Geymirinn er tvöfaldur stáltankur og mun RARIK að hámarki geyma 11 m³ af eldsneyti í geymnum. Fyrir liggja umsagnir frá Slökkviliðsstjóra Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda og Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á það vantar fullnægjandi gögn í samræmi við reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gerir ekki athugasemdir við að eldsneytisgeymirinn verði staðsettur þarna til bráðabirgða en telur þó mikilvægt að fyrir liggji upplýsingar um hvernig áfylling fer fram og hvort það er yfirfyllivörn á tankinum. Auk þess þarf að skoða þætti sem viðkoma viðbragði aðila ef tankurinn rofnar og olía flæðir út í ytra byrðið. Jafnframt kallar heilbrigðiseftirlitið eftir því að fá að sjá viðbragðsáætlun Rarik í tengslum við elds- og slysavarnir.

Slökkviliðsstjóri Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda gerir athugasemdir við staðsetningu geymisins með tilliti til krafna er lúta að þessari starfsemi í byggingarreglugerð, gr. 9.6.4. um olíugeyma og olíuskiljur.

Nefndin vísar í leiðbeiningar Hús- og mannvirkjastofnunar um olíugeyma og olíuskiljur þar sem fram kemur að aldrei skal vera minni fjarlægð en 2,5 metrar frá húsi nema húsveggurinn sé með brunamótstöðu minnst EI60, án glugga og annarra opa. Þá skulu klæðningar á útvegg vera í flokki 1. Útveggurinn sem snýr að fyrirhugðum geymi er glugggalaus og án annarra opa og þá eru klæðningar hans í flokki 1. Því er ekki þörf á að flytja hann fjær húsinu. Jafnframt er leikskóli staðsettur á aðliggjandi lóð til suðausturs sem hamlar mjög annarri staðsetningu geymisins.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt en stöðuleyfi verði ekki gefið út fyrr en fullnægjandi gögn hafa borist og þau gefi ekki tilefni til breytinga þ.e. að þau verði í samræmi við reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Einnig er skipulagsfulltrúa falið að grendarkynna stöðuleyfið.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hvetur sveitarstjórn til að kalla eftir framtíðaráformum RARIK um varaafli í sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða.